

Stofnanasamningur
Ferðamálaráðs Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)
skv. 11. gr. kjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra,
dags. 26. júlí 2001 og samkomulagi um breytingar á kjarasamningnum
dags. 18. mars 2005.

1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem ráðnir eru til starfa hjá Ferðamálastofu. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 26. júlí 2001, sbr. 11. gr., og samkomulagi um breytingar á kjarasamningnum dags. 18. mars 2005.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk í hvetjandi starfsumhverfi.
- Að ákvarðandi um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og að hægt sé að taka mið af einstaklingum fremur en hópum, þannig að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir hvern starfsmann til áhrifa á framgang í starfi og þar með auka möguleika sína á bættum kjörum.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt, taki mið af skipulagi og sérstöðu stofnunarinnar og nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum hennar.
- Að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði augin með markvissri endurmenntun. Að stofnunin, í samvinnu við fulltrúa starfsmanna, marki skýra stefnu í endurmenntunarmálum.
- Að konum og körlum skulu greidd jöfn laun og þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta gildir um hvers konar þóknunir, önnur starfskjör eða réttindi, sem metin verða til fjár.
- Að stofnunnin greiði starfsmönnum Ferðamálastofu aðgengi að endur- og símenntun og auðveldi þeim að taka þátt í námskeiðum með þátttöku í kostnaði. Þetta gildir um námskeið er nýttast munu í starfi og haldin eru fjarri starfsstöð.

3. Grunnröðun

3.1 Almennar forsendur röðunar

Störfum skal raðað í launaflokka til samræmis við launatöflu samkomulags um breytingar á kjarasamningi dags. 18. mars 2005. Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu og þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raða skal í launaflokk í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

3.2 Skilgreining starfsheita

Sérfræðingur 1. Starfsmaður sem hefur lokið BS/BA- prófi (90 einingar) og er án starfsreynslu. Annast almenna gagnaöflun og/eða almenna úrvinnslu gagna undir daglegri stjórn annarra. Flytjast í sérfræðing 2 eigi síðar en eftir 3ja mánaða starfsreynslu.

Sérfræðingur 2. Náttúrufræðingur starfar að afmörkuðum verkefnum á vegum stofnunarinnar. Eftir 6 mánuð sem sérfræðingur 2 flyst starfsmaður í sérfræðing 3.

Sérfræðingur 3. Náttúrufræðingur sem ber ábyrgð á og hefur faglega umsjón með verkefnum á vegum stofnunarinnar.

Verkefnisstjóri. Náttúrufræðingur sem lokið hefur 120 einingum og sem ber ábyrgð á ákveðnum sérhæfðum verkefnum innan stofnunarinnar. Tekur þátt í ráðgjöf, öflun upplýsinga, þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann.

Forstöðumaður. Náttúrufræðingur sem hefur með höndum yfirstjórn og ábyrgð á sérstakri starfsstöð/útibúi stofnunarinnar. Hann vinnur við stjórnunarstörf þar sem stjórnun og ábyrgð eru fólgin í fag-, manna- og/eða fjárforráðum og er ábyrgur fyrir samskiptum við aðrar stofnanir og fyrirtæki.

3.3 Lágmarksröðun starfsheita

Starfsheiti	grunnlaunaflokkur
Sérfræðingur 1	7
Sérfræðingur 2	9
Sérfræðingur 3	10
Verkefnisstjóri	14
Forstöðumaður	20
Forstöðumaður/ staðgengill ferðamálastjóra	21

4. Starfslýsingar

Við röðun í launaflokka verði miðað við viðvarandi verksvið eða samþykktar starfslýsingar starfsmanna. Starfslýsingar verði endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.

5. Menntun

Við lágmarksröðun bætast skv. 3. gr. við flokkar vegna framhaldsmenntunar sem hér segir:

BSc hons (4. árs verkefni) eða sambærilegt verkefnisstjóra)

MSc próf eða sambærilegt

PhD próf eða sambærilegt

grunnfl. + 1 launafl. (utan

grunnfl. + 2 launafl.

grunnfl. + 5 launafl.

6. Viðurkennd námskeið

Vegna viðbótarmenntunar og endur- og símenntunar umfram það sem er í lið 5.1 bætist við grunnröðun með eftirfarandi hætti: Vegna viðbótarmenntun á háskólastigi: 30 einingar 1 launaflokkur, 45 einingar 2 launaflokkar og 90 einingar 3 launaflokkar.

Endur- og símenntun sem nýtist í starfi skal metin til allt að 5 launaflokka. Námskeið vegur minnst ½ einingu og mest 5 einingar. Námskeið séu haldin af viðurkenndum aðilum (s.s. Endurmenntunarstofnun HÍ). Hvert 60 mín námskeið gefur ½ einingu. Námsdvöl við stofnanir eða önnur skipulögð menntun á háskólastigi getur gefið allt að 10 einingum.

Þátttaka í fagráðstefnum (þ.e. námstefnum) getur gefið allt að 3 einingum, mest ef þátttakandi er sjálfur fyrirlesari.

Hverjar 9 einingar gefa 1 launaflokk.

7. Starfsreynsla hjá stofnuninni (tekur gildi 1. janúar 2007)

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Eftir 1 ár í starfi	1 launaflokkur
Eftir 4 ár í starfi	1 lfl. til viðbótar
Eftir 6 ár í starfi	1 lfl. til viðbótar
Eftir 11 ár í starfi	1 lfl. til viðbótar

8. Réttur til endurmat á starfi og framgangur

Telji starfsmaður að hann sé ekki rétt raðaður miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 11. grein kjarasamnings .

9. Gildistími

Breytingar skv. stofnanasamningi þessum taka gildi 1 maí 2006 og skal endurskoðaður árlega þegar einn eða fleiri samningsaðilar óska þess, eigi síðar en 1. maí 2008.

Reykjavík 26. september 2006

F. h. Ferðamálastofu




Magnús Oddsson

f.h. Félags ísl. náttúrufræðinga



Ragnhildur Sigurðardóttir



Oddný Óladóttir

Viðauki með stofnanasamningi, dags., 26. september 2006 milli Ferðamálaráðs Íslands og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

Með þessum viðauka hefur að fullu verið tekið tillit til 3. greinar í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN sem undirritaður var 18. mars 2005.

Þar kemur fram að 1 maí 2007 skuli 2% vera nýtt til styrkingar/þróunar launakerfisins. Til að mæta þessu ákvæði eru samningsaðilar sammála um að framkvæmd þessa ákvæðis verði með eftirfarandi hætti:

Öll starfsheiti á stofnuninni hækka um einn launaflokk.

Grunnröðun starfsheita í grein 3.3 verður frá og með 1. september 2007 með eftirfarandi hætti:

3.3 Lágmarksröðun starfsheita


Starfsheiti grunnlaunaflokkur

Sérfræðingur 1	8
Sérfræðingur 2	10
Sérfræðingur 3	11
Verkefnisstjóri	15
Forstöðumaður	21
Forstöðumaður/ staðgengill ferðamálastjóra	22

Viðauki þessi gildir frá 1. september 2007 og er breyting á stofnanasamningi Ferðamálastofu og Félags íslenskra náttúrufræðinga dagsettum 26. september 2006.

Reykjavík, 18. desember 2008

F.h. Ferðamálastofu




Ólöf Ýrr Atladóttir

F.h. Félag íslenskra náttúrufræðinga



Marianna H. Helgadóttir



Oddný Óladóttir